

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

FIMMTUDAGUR 26. APRÍL 2018

Kl. 09:45 Mæting og afhending fundargagna. Morgunhressing.

Kl. 10:00 Setning aðalfundar, tónlistaratriði og ávörp.

Tónlistaratriði frá Tónskóla Sigursveins

Jón Ísak Ragnarsson lék á gítar lagið *Sunburst* eftir Andrew York.

Ávörp

Elna Katrín Jónsdóttir.

Reynir Þór Eggertsson.

Kl. 11:00 Kosning fundarstjóra og ritara. Kynning dagskrár.

Hermann Tómasson og **Þórhalla Arnardóttir** voru fundarstjórar. Fundarritarar **Óli Njáll Ingólfsson** og **Björk Ingadóttir**. Starfsmenn fundarins kynntir, **Steinunn Inga Óttarsdóttir**, **Anna María Gunnarsdóttir** og **Fjóla Ósk Gunnarsdóttir**.

Fundarstjórar fóru yfir vinnulag fundarins, praktísk mál, t.d. ferðakostnað, fundarsköp og auglýstu framboðsfrest til embætta.

Nafnakall framkvæmt.

Óskað eftir athugasemdum við lögmæti fundar. Engar athugasemdir bárust.

Þingsköp borin upp og óskað eftir athugasemdum. Engar athugasemdir bárust.

Kl. 11:10 Erindi: **Annadís Gréta Rúðolfsdóttir**. „*Ungar konur og femínismi á tímum nýfrjálslyggju*“.

Fundarstjóri fór yfir verkefni fundarins það sem eftir er dags.

Kl. 12:00 Hádegisverður.

Kl. 13:00 Mælt fyrir tillögum og málum. Fyrsta umræða, tillögum og málum vísað í nefndir.

Fundarstjóri bauð **Guðríði Arnardóttur (GA)** í pontu og mælti hún fyrir tillögum að lagabreytingum og fór yfir drög að fjárhagsáætlun.

Guðríður Arnardóttir mælti fyrir tillögum að lagabreytingum

Guðríður benti á að flestar tillögurnar miða að því að samræma lög FF við lög KÍ sem séu æðri lögum FF.

Kosið var um að vísa lagabreytingatillögum til laganefndar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

Guðríður Arnardóttir mælti fyrir fjárhagsáætlun 2018-2022

Lagði til að fjárhagsáætlun verði vísað til umfjöllunar í allsherjarnefnd. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir (HBV) mælti fyrir tillögum um innra starf og félagsmál

Tillaga um að vísa tillögum til nefndar um innra starf og félagsmál. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Guðjón Hauksson (GH) mælir fyrir tillögum um skólamál

Tillaga um að vísa tillögum til nefndar um skólamál. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Guðbjörn Björgúlfsson (GB) mælir fyrir tillögu um kjarastefnu og kjarasamninga

Tillaga um að vísa tillögum til nefndar um kjaramál. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Unnar Þór Bachmann (UPB) mælti fyrir tillögum um meðferð fjár úr 0,1% sjóðnum

UPB: Tillaga um að sjóðurinn verði greiddur út sem laun. Önnur tillaga um að greiða beint til félagsdeilda rímar við áætlanir stjórnarinnar að nokkru leyti. Tillaga um að vísa tillögum Unnars til allsherjarnefndar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri minnti á kynningu á nýjum kjarasamningi kl. 16:00 en ekki 16:30 eins og áður var kynnt. Varðandi nefndarstörf: Allsherjarnefnd fundar í Huginn, Laganefnd í Muninn, báðar á 14. hæð. Kjaramálanefnd í Útgarði (13. hæð). Nefnd um innri mál í Hvammi og einnig nefnd um skólamál.

Nefndir störfuðu út daginn fram að kynningarfundum um kjarasamning.

FÖSTUDAGUR 27. APRÍL 2018

Fundur settur kl. 9:00 og fundarstjóri fór yfir dagskrá dagsins.

Guðríður Arnardóttir (GA) kynnti skýrslu stjórnar FF fyrir árið 2017

Erindrekstur félagsins var með sama hætti og áður, GA hefur heimsótt þá skóla sem þess hafa óskað. Útgáfa með fjörugasta móti, Rauða eplið hefur komið að jafnaði hálfsmánaðarlega. Sala Karlagötu var samþykkt á fulltrúafundi og skilaði félaginu góðum hagnaði. Félagsdómur kvað upp dóm í máli Kvennaskólans og FF, við töpuðum því máli sem voru mikil vonbrigði, dregin var í efa heimild skólameistara til að taka ákvörðun sem var skuldbindandi fyrir fjárhag skólans. Yfirferð yfir störf félagsdeilda og styrki úr 0,1% framlagi, fór yfir úthlutanir og hvaða skólar hafa uppfært stofnanasamninga. Talaði um SEF og erlent samstarf sem félagið tekur þátt í. Fór yfir tilraunir til að fá bókhaldsgögn Vísindasjóðs FF og FS og hvernig það tókst ekki þar sem dómara þótti ekki sannað að til fundarins hafi verið boðað með lögmætum hætti.

Opnað fyrir fyrirspurnir

Þórey Hilmarsdóttir (ÞH): Sagt var að sala á Karlagötu sé með staðfestu samþykki fulltrúafundar en það var búið að selja áður en fundurinn var haldinn, það þarf að breyta skýrslunni. Hitt

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

er varðandi innsetningarmálið. Erla Elín telur sig réttkjörinn formann Vísindasjóðs og telur allt ólöglegt er varðar lögmati aukaaðalfundar og alls sem kom í kjölfarið.

Ársreikningur FF 2017

Hannes Þorsteinsson (HP), skrifstofustjóri KÍ, gerði grein fyrir þeim.

Opnað fyrir fyrirspurnir

PH: Skýring nr. 6, sundurliðun á fræðslusjóði. Annar kostnaður um milljón. Í hvað fer hann?

GA: Nær alfarið ferðakostnaður vegna námskeiða, t.d. fyrir trúnaðarmenn. **PH:** Hversu mörg námskeið? **GA:** Tveggja daga námskeið í september og svo hefur trúnaðarmönnum verið boðið á regluleg námskeið hjá EHÍ.

Helgi Ingólfsson (HI): Var á fulltrúafundi í nóvember, þá hét sjóðurinn öðru nafni. Hann er kallaður ýmsum nöfnum, 0,1% sjóður, mannauðspottur, en ég sé eingöngu notað nafnið fræðslusjóður á aðalfundi og í endurskoðuðum skýrslum. Mig langar að fá skýringar á þessu misræmi og hvernig þessi sjóður er hliðstæður sambærilegum sjóðum annarra stéttarféлага?

RF: Fá sótti um 45 þúsund króna styrk til að halda ADHD námskeið en var hafnað. Af hverju var okkur synjað um styrk til að halda mjög þarft námskeið?

UPB: Spurning til Hannesar: erum með 120 milljónir í sjóð, hvað er eðlilegt að við eigum stóran sjóð án þess að úthluta því til félagsmanna?

GA: Endurskoðendur gáfu sjóðnum nafnið Fræðslusjóður. Í kjarasamningi 2014, sérstök bókun, þar stendur 0,1% framlag vegna mannauðsmála. Lagði til að kalla þetta Fræðslusjóð í framhaldinu. Árið 2015 voru settar reglur um úthlutun á félagslegum grunni til félagsmanna, þ.e. félagstengd verkefni en ekki starfstengd. Vildum setja pening til félagsdeildanna. Þessi verkefni hafa verið mjög misjöfn og af öllum toga. Nú er lögð til hækkun til félagsdeildanna og þar með geta þær tekið sínar ákvarðanir. Hliðstætt ákvæði er í samningum BHM, orðalag með svipuðum hætti og í okkar samningi. Þetta er hugsað fyrir forystufólk, trúnaðarmenn og til að styrkja hinn almenna féлага félagslega. Hefur farið í námskeið, t.d. um stjórnsýslulög, persónuvernd, o.s.frv.

HP: Varðandi fræðslusjóðinn, það veldur ruglingi að FF fékk svokallaða mannauðspeninga síðustu ár t.d. vegna vinnuatsins, þegar samið var um þessa peninga rugluðu margir þessu tvennu saman. Mismunandi texti hjá aðildarfélögum KÍ um 0,1% sjóð og hann er notaður á mjög mismunandi hátt. Hvenær er varasjóður nóg? Fjárhagsstaðan 2002-2010 var öll í járnnum en á seinustu árum hafa tekjur aukist verulega vegna hækkandi grunnlauna. Rætt á KÍ þingi að þetta þyrfti að ræða fyrir næsta þing.

Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Ársskýrsla og reikningar Vísindasjóðs FF og FS 2017

Ólafur Þórisson (ÓP), formaður stjórnar Vísindasjóðs FF og FS, gerði grein fyrir ársreikningum. Ekki var gerður ársreikningur 2016, ýmsir reikningar hafa ekki verið afhentir þrátt fyrir ítrekaðar óskir. Það endaði fyrir Héraðsdómi sem hafnaði beiðni Vísindasjóðs um að fá tölvu og bókhald afhent. Núverandi stjórn hefur ekki í hyggju að leggja í frekari aðgerðir vegna þessa. Vonbrigði

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

með niðurstöðuna. Reynt var að afla gagna og rekja rafræna reikninga til að púsla saman heildarmyndinni. Ekki hægt að staðfesta að þetta sé án skekkju.

Stjórn fór í heimsókn til Rannís og kynnti sér styrkjafyrirkomulag. Þann 27. september var farið yfir reglur sjóðsins með stjórn FF og FS, allar styrkuppþæðir eru óbreyttar, krafa um skil á brottfararspjöldum var lögð af. Sjóðsstjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og störf hennar ganga vel.

HI: Laun og launatengd gjöld eru 5,7 milljónir en skuld við KÍ er yfir 12 milljónir. Hver er munurinn? **ÓP:** laun 5,7 milljónir, aðstöðugjald er rúm milljón, skuld við félagssjóð KÍ 4 milljónir eftir samkomulag á síðasta ári.

HI: Hvernig er skuldin reiknuð? **ÓP:** Ýmis kostnaður er 6,9 milljónir. Lækkunin niður í 4 er vegna þess að Vísindasjóður fékk 1,6 milljón vegna Fjölmenntar og svo voru bakfærð iðngjöld vegna Tækniskólans.

HI: Skil þetta en hvernig er 6,9 m reiknað? **ÓP:** Er ekki með frekari sundurliðun á þessari tölu.

HP: Þessi upphafsstaða er tilkomin vegna þess að áður greiddi KÍ rekstrarkostnað utan styrkja og smátt og smátt safnaðist upp skuld. Var 8 milljónir þegar sjóður fór úr húsi og svo voru ákveðnir liðir leiðréttir og sumt afskrifað til að ná samkomulagi. Svo hefur bæst við skuldina vegna kostnaðar.

PH: Vegna 8 milljóna króna skuldar, þá var það krafa KÍ á hendur sjóðnum en við í stjórninni samþykktum ekki kröfuna. Þetta er útskýrt í fyrri ársreikningum. **HP:** Alveg rétt, fyrir stjórn var ósátt við þessa kröfu en stærsti hlutinn var vegna starfsmanns sem vann fyrir sjóðinn en KÍ tók þau mótmæli ekki til greina. Hver sjóður greiðir laun sinna starfsmanna. **PH:** Sjóðstjórn viðurkenndi að greiða skyldi laun en ekki sammála upphæðinni. Ég tel að aukaáðalfundurinn hafi verið ólögsmætur og Héraðsdómur hafi staðfest það.

RF: Getur ædsta stofnun skorað á Erlu Elínu að afhenda gögnin? Getur þessi stofnun skorað á alla aðila að slíðra sverðin og hafa hagsmuni félagsmanna sem forgangsmál? **PH:** Erla Elín starfaði í umboði aðalfundar 2014 og telur sig kjörna fram að þessum aðalfundi. Ég veit að hún mun afhenda rétt kjörnum fulltrúum félagsins bókhaldið að loknum þessum aðalfundi.

Reikningar samþykktir með þorra greiddra atkvæða. 4 greiða atkvæði á móti.

Nafnakall framkvæmt.

Kaffihlé.

Kl. 10:30 Kynning á frambjóðendum til trúnaðarstarfa.

Fundarstjóri kynnti hverjir eru í framboði og vísaði í gögn fundarins.

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

Frambjóðendur kynntu sig í þessari röð: Símon Cramer, Baldvin Björgvinsson, Unnar Þór Bachmann, Eydís Ásbjörnsdóttir, Sólveig Ebba Ólafsdóttir, Guðbjörn Björgólfsson og Gísli Þór Sigurþórsson.

Í nokkur embætti var sjálfkjörið, s.s. uppstillinganefnd, formann skólamálanefndar, félagslega skoðunarmenn reikninga og fulltrúa í sjóðum KÍ, s.s. orlofssjóð, sjúkrasjóð og vinnudeilusjóð.

Uppstillinganefnd:

Ármann Halldórsson, VÍ
Ásdís Ingólfssdóttir, KVSK
Guðjón Ragnar Jónsson, MR

Fulltrúi í orlofssjóði:

Guðjón Ragnar Jónsson, MR

Fulltrúi í vinnudeilusjóði:

Guðbjörn Björgólfsson, FB

Formaður skólamálanefndar:

Guðjón Hreinn Hauksson, MA

Fulltrúi í sjúkrasjóði:

Guðrún Angantýsdóttir, MK

Félagslegir skoðunarmenn reikninga:

Kristófer Eggertsson, FLB
Garðar Þór Garðarsson, FS

Kosningar

Haldís Ármannsdóttir, fulltrúi kjörstjórnar, tók til máls. Kosið í samninganefnd, kjörstjórn og stjórn Vísindasjóðs.

Rafræn kosning, opnar 11:30 og lýkur 14:00. Allir á fundinum geta kosið. Fór yfir hvernig kosning skuli fara fram. Fimm í samninganefnd, þrjú í kjörstjórn og tvo í Vísindasjóð. Aðstaða tilbúin ef einhver vantar.

Fundarstjóri: Dagskrá fyrir hádegi er nánast tæmd. Samþykkir fundurinn að halda áfram með dagskrárliði sem áttu að vera eftir hádegi? Samþykkt einróma.

Kosningar til trúnaðarstarfa

Dagskrárliður *Nefndir skila af sér, umræður og Afgreiðsla mála* færður fram.

Allsherjarnefnd

Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (SLG) mælti fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Umræður

Tillaga Unnars um líkamsræktarstyrki er góð hugmynd sem þarf að verðmeta. Geyma tillöguna fram og verðmeta hana. Önnur tillaga frá Unnari um 0,1% sjóðinn. Það má ekki greiða hann út sem laun. Tillögunni því vísað frá. Önnur frá Unnari um framlög til félagsdeildanna: Tillögu vísað frá því það stendur til að hækka framlagið hvort sem er. Umræður um fjárhagsmál. Hækka þurfti framlagið til skólamálanefndar vegna ferðakostnaðar fulltrúa. Hækkað um milljón.

Kosið um tillöguna um fjárhagsáætlunina, samþykkt einróma.

Líkamsræktarstyrktarhugmynd Unnars: Samþykkt að vísa henni áfram.

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

0,1% sjóður, tillaga Unnars: Frávísunartillaga. Yfirgnæfandi meirihluti samþykkir frávísun.

Tillaga Unnars um aukið fé til félagsdeilda. Frávísunartillaga, þar sem þegar á að bæta fé við skv. fjárhagsáætlun. Einróma samþykki fundar.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_samthykkt_fjarhagsaaetlun_2018_2021.pdf.

Fundarstjóri tilkynnti skipti á fundarstjórum, Hermann J. Tómasson fer af fundi.

Kjaranefnd

Guðbjörn Björgúlfsson mælti fyrir tillögum kjaranefndar.

Tillaga úr kjaranefnd borin upp til atkvæða: Fundur samþykkir.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_stefna_ff_i_kjaramalum_og_kjarasamningum_2018_2022.pdf.

Kl. 12:00 Hádegisverður.

Fundur hefst á nýju kl. 12:32.

Laganefnd

Óli Njáll Ingólfsson (ÓNI) gerir grein fyrir tillögum laganefndar.

PH: hver ber ábyrgð á fjármálum Vísindasjóðs? **GA:** KÍ ber ábyrgð á aðildarfélögum.

Gengið til atkvæða: Allar breytingatillögur samþykktar.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_samthykkt_log.pdf.

Nefnd um innra starf og félagsmál

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar.

GA: Það getur verið að stefna um að efla faggreinafélög sé góð en hún ætti að vera að ályktun frekar en frá nefndinni. Fundarstjóri beri þetta upp á eftir. **PH:** Sátt við breytingarnar. Við verðum þó að tryggja að farið verði eftir þeim. Forystan á að fara fyrir því.

Allar tillögur samþykktar og gerð breyting í lið 6.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_stefna_ff_i_innra_starfi_og_felagsmalum_2018_2022.pdf.

Skólamálanefnd

Guðjón Hauksson (GH) gerir grein fyrir niðurstöðum skólamálanefndar.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_alyktun_um_nam_i_framhaldsskolum.pdf.

Tillagan samþykkt.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_alyktun_um_nams_og_starfsradgjof_i_framhaldsskolum_og_storf_nams_og_starfsradgjafa.pdf.

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

Tillagan samþykkt.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_alyktun_um_storf_framhaldsskolakennara.pdf

Tillagan samþykkt.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_alyktun_um_styttin_gu_nams_i_framhaldsskolum.pdf.

Tillagan samþykkt.

http://ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/2018/Eftir_fund/FF_adalfundur2018_alyktun_um_rekstrarumhverfi_framhaldsskolanna.pdf.

Tillagan samþykkt.

Lagt var til að farið verði í önnur mál núna og það samþykkt.

Önnur mál

HI: Í sambandi við Fræðslusjóð. Vildi geta spurt frekar út í svör frá því í morgun. Spurningar til Guðríðar: eru úthlutunarreglur Fræðslusjóðs einhvers staðar að finna? Önnur spurning til Guðríðar: er til yfirlit yfir tegundir námskeiða sem Fræðslusjóður hefur fjármagnað? Þriðja spurningin: nafnið Fræðslusjóður eða 0,1% kemur fyrst fyrir hjá endurskoðun 2014. Alltaf notað mismunandi orð. Vill benda á að hann hefur talað við kennara úr sínum skóla sem ruglar þessu endalaust saman og því veltir hann því fyrir sér hvort ekki sé hægt að finna endanlegt nafn á sjóðinn, til að koma í veg fyrir rugling. Fjórtða spurning: ríkið veitti í vinnuáttasmál 15 milljónum, 10 árið 2015 og 5 árið 2016. Hannes nefndi einhvern pott og misskilning? Í fimmta lagi: vafi á lögmæti aukaaðalfundar er alltaf vafi á lögmæti, hver svo sem túlkunin kann að vera.

GA: Í febrúar 2015 voru úthlutunarreglur Fræðslusjóðs mótaðar, eru ekki á vefnum né heimasíðu félagsins. Yfirlit námskeiða er að finna í ársskýrslunni. Stjórnin hefur afgreitt umsóknir og bókað inn í fundargerðir. Sama og lagt var fram í fyrra og hitteðfyrra. Nýbúið að samþykkja að auka framlög til félagsdeilda og láta þær stjórna þessu sjálfar.

RF: Liggur fyrir samþykki fyrir því að greitt sé úr sjóðnum fyrir starfsmann? **GA:** Það er kjarasamningsbundið.

RF: Legg til að sjóðurinn og laun starfsmanns sjóðsins verði aðskilið. **GA:** Samningurinn er borinn upp til samþykktar núna, ekki hægt að breyta orðalagi.

Spurning úr sal: fara félagsgjöldin okkar í þennan sjóð? **Svar:** Nei.

Spurningar úr sal: Hvað er að fréttu af lífeyrismálum? Og afdrif 14. greinar kjarasamnings?

GA: Varðandi 14. gr. í kjarasamningnum þá rann hún sjálfkrafa út árið 2016. Greinin er ekki virk þar sem við erum ekki búin að semja. Þess vegna fylgjum við ekki hækkunum annarra lengur. Komi til þess að við semjum aftur þá munum við skoða þetta. Enginn tilgangur að hafa klausuna inni þar sem samningstíminn er sá sami. Varðandi lífeyrisréttindi, formaður Kennarasambandsins

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

heldur utan um það og þar er málið í vinnslu. Starfshópur hefur skilað af sér skýrslu þar sem þessir hlutir voru kannaðir.

Fundarstjóri kom því á framfæri að Erla Elín Hansdóttir hefur sent tölvupóst á fulltrúa fundarins.

Engin fleiri önnur mál.

Ekki hægt að flýta liðnum *Úrslit kosninga*. Hann var settur á dagskrá kl. 14:30.

Kaffihlé kl. 13:55-14:30.

Fundur hófst á ný. Fundarstjóri minnti á þrjá kynningarfundum kjarasamninga sem eru framundan.

Kjöri til trúnaðarstarfa lýst

Haldís Ármannsdóttir kom upp og gerði grein fyrir kosningum sem haldnar voru á vegum kjörstjórnar FF. 94,9% greiddu atkvæði.

Samninganefnd

Baldvin Björgvinsson, GB
Eydís Ásbjörnsdóttir, VA
Guðbjörn Björgólfsson, FB
Sólveig Ebba Ólafsdóttir, MK
Unnar Þ. Bachmann, FÁ

Enginn skilaði auðu. Réttkjörin nefnd.

Kjörstjórn

Anna Sigríður Davíðsdóttir, MA
Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, MS
Karl Jóhann Garðarsson, MH
Varamenn: Halldóra Björt Ewen, MH og og
Þorbjörg Ragnarsdóttir, FVA.

Réttkjörin stjórn.

Stjórn Vísindasjóðs

Jón Ragnar Ragnarsson, MH og Ólafur
Þórisson, MS. Varamaður: Gísli Þór
Sigþórsson, MS.

Réttkjörin stjórn.

Stjórn FF

Til stjórnar voru 7 í framboði. 51% greiddu atkvæði.

Guðjón H. Hauksson, MA
Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, MS
Helga Jóhanna Baldursdóttir, TS
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, BHS

Varamenn: Baldvin Björgvinsson, FB, Óli
Njáll Ingólfsson, VÍ og Símon Cramer
Larsen, FS.

Réttkjörin stjórn.

Kosning til formanns FF fór fram í mars 2018: Guðríður Arnardóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason voru í framboði. 57,6% greiddu atkvæði. Guðríður hlaut 65,6%. Guðríður er því réttkjörin formaður FF.

Guðríður þakkaði fyrir framlag fólks á fundinum, skemmtilega kvöldstund í gær og frábæra samveru þessa daga. Færði fólkinu sem kom um langan veg þakkir fyrir sitt framlag. Mörg atriði mikilvæg í samþykktum dagsins. Fundurinn hefur verið vinnusamur, samstarf gott. Vilji til að ná saman um mál. Mesti styrkur okkar er þegar við getum snúið bökum saman. Eigum auðvitað að

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

takast á en gera það af virðingu. Ný stjórn mun taka sér tíma til að fara yfir samþykktir fundarins og mynda sér stefnu.

Fundarstjóri greip inn í: Hefur fengið sendar 16 spurningar frá Baldri Garðarssyni sem hann óskar svara við. Guðríður var búin að svara honum á tölvupósti og ný stjórn mun taka fyrir erindi hans.

Sjöunda aðalfundi Félags framhaldsskólakennara slitið kl. 15:30.